Byggingarfulltrúi
samþykkir erindið.

08 SEPT. 2004

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.

*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

Byggingarfulltrúi
samþykkir erindið.




GRUNNMYND 1. HÆÐ, GÖTUHÆÐ

## BYGGINGARLÝSING

**Húsið** er íbúðar og verslunarhús, kjallari hæð og ris. 1. hæð er ætluð verslun eða þjónustu, á efri hæðum eru fjórar íbúðir, tvær á hverri hæð. Allar íbúðir hafa sérinngang um eina útitröppu á garðhlið. Þriðja hæð er portbyggð um 0.8 m og með kvistum á austur og vesturhliðum þaks. Þvottaherbergi eru innan íbúða en geymslur í kjallara bæði fyrir íbúðir og þjónusturými. Sólstofa er við suðuríbúð á 2. hæð á þaki útbyggingar 1. hæðar. Yfir henni eru þaksvalir.
**Undirstöður** og gólfplötur hæða eru steinsteyptar. Gólfplata kjallara er steypt þykk (350 mm), járnbent, án einangrunar
**Útveggir** eru steinsteyptir, klæddir með einangrun og báraðri málmklæðningu á efri hæðum en sléttaðir með svörtum kvarzmúr á 1. hæð. Einangrað er utan á steypta veggi efri hæða með 100 mm steinull (Veggplata). Stálleiðarar fyrir vindklæðningu eru skrúfaðir á vegg með festivinklum. Milli þeirra eru steinullarplötur festar á steinvegg með nælontöppum. Loftbil er milli járns og einangrunar. Allt bárujárn utan á er málað dumbrautt. Á 1. hæð og í kjallara er einangrað innan á útveggi með 100 mm steinull og klætt með 13 mm gifsplötum.
**Innveggir** eru að hluta steinsteyptir. Aðrir innveggir eru úr 13 mm gifsplötum á blikkstoðum. þéttiborðar eru milli leiðara við gólf og loft. Fyllt er í grind með þéttull til hljóðeinangrunar og brunavarnar. Veggir milli íbúða skulu standast kröfur um hljóðvist. (55 dB).
**Þak** er hefðbundið timburþak með bröttu risi. Kvistir með steyptum göflum eru í þakflötum beggja vegna til vesturs og austurs. Einangrun þaks er 200 mm þakull og klætt undir sperrur með 13 mm gifsplötum. (Kæðning í fl.1). Ysta þakklæðning er bárujárn, málað dumbrautt eins og veggir)
**Svalir** eru við allar íbúðir á vesturhlið. Handrið svala í 1,2 m hæð er úr galvaniseruðum stálprófílum, ómáluð.
**Sólstofa** er léttbyggð með gluggaprófílum úr tré. Þak er úr stálbitum sem hvíla á grönnum stoðum úr 100 x 100 mm galv. rörprófílum milli gluggapósta. þaksvalir eru við suðuríbúð á 3. hæð yfir sólstofu 2. hæðar. Steypt plata er í gólfi þaksvala. Loft fulleinangrað og loftað. Undir steyptri gólfplötu er vikurlag. Handrið á þaksvölum sólstofu er úr galvaniseruðum stálprófílum með gleri á milli (sjá snið B-B)
**Útitröppur** eru úr steinsteypu, handrið úr galvaniseruðum stálprófílum, ómáluð.
**Gluggar** eru úr timbri, málaðir dökkgráir. (björgunarop eru í opnanlegum fögum glugga). Tvöfalt verksmiðjuframleitt K-gler er í gluggum. Gler glugga á vesturhlið, að Strandgötu, hefur aukið hljóðeinangrunargildi Í gluggum er vegið hljóðeinangrunargildi fyrir lofthljóð, R´w = 35 dB. Notað er tvöfalt einangrunargler með uppbyggingunni 6 mm rúða, 12 mm bil, 4 mm rúða. Þetta gildi fyrir glugga í steinvegg nægir þar sem hljóðvist við útvegg er 66 dB en er hér að öllum líkindum minna.
**Reykskynjarar** og slökkvitæki eru í öllum íbúðum og þjónusturými.

Br. 03.09.2004, bil milli íbúðaglugga 60 cm, skráningart.
Br. 18.08.2004, snið í sólstofu, skráningartafla

STRANDGATA 43 HAFNARFIRÐI BL02

ÞRIÐJA HÆÐIN ARKITEKTAR – SIGURÞÓR AÐALSTEINSSON FAÍ
STRANDGÖTU 28 220 HAFNARFIRÐI
SÍMI: 555 46 10 FAX: 565 48 31
KT:250144–3939
NETFANG: si@islandia.is

AÐALTEIKNING
GRUNNM 1. H.,(GÖTUH.),LÓÐ

HANNAÐ: TEIKNAÐ: DAGS: 27.03.2003 MKV: 1:100 VERKNR: